

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vopnafjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag miðsvæðis.

Deiliskipulagið nær til um 4 ha svæðis á miðsvæði kaupsins á Vopnafirði. Samhliða hefur verið unnið að tillögu að verndarsvæði í byggð sem nær til deiliskipulagssvæðisins. Innan þess eru nokkur friðuð og friðlýst hús.

Í gildi er deiliskipulag fyrir þetta svæði og verður hluti þess sem er innan sama svæðis fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 22. febrúar 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seyðisfirði, 27. maí 2024.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júní 2024